

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/854**  
**komudagur 7.12.2007**

Virðing  
Réttlæti

VR

Alþingi  
b.t. Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2007  
0712020 VR / 20.1 / KW

Efni: Umsögn VR um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

VR hefur eftirfarandi ábendingu fram að færa.


Samkvæmt 9. gr. gildandi laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006 reiknast greiðslur til foreldris frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess hafa fallið niður sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns.

Samkvæmt 17. gr. lið b. *Tilhögun grunngreiðslna til foreldra* Frumvarps til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006 skulu grunngreiðslur til foreldra nema kr. 130.000.- á mánuði.

Ekki fæst annað lesið út úr lögunum en að foreldrar þeirra barna sem uppfylla skilyrði um alvarleika veikinda og/eða fötlun og uppfylla skilyrði um búsetu, þáttöku á vinnumarkaði og/eða námi eigi rétt á þessari upphæð óskertri burtséð frá starfshlutfalli og launum áður en greining ofangreindra veikinda/fötlunar lá fyrir.

Sjúkrasjóður VR greiðir 80% meðaltalslauna s.l. 6 mánuða áður en greiðsla sjúkradagpeninga hefst. Greiðslur geta varið í 9 mánuði vegna veikinda barna. Í þeim tilvikum sem foreldri hefur verið í hlutastarfi eða á lágmarkstaxta ern líkur á að greiðslur sjúkrasjóðs geta verið mun lægri en sem nemur grunngreiðslu samkvæmt breyttum lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006.

Að því gefnu að túlkun VR, eins og að ofan getur, sé rétt er tillaga stéttarfélagsins sú að í þeim tilvikum þar sem réttur félagsmanna til greiðslu úr sjúkrasjóði sé lægri en sem nemur grunnupphæð skv. frumvarpi þessu, eigi foreldri rétt á greiðslu mismunar sem hlutabóta af hálfu framkvæmdaraðila þeirra greiðslna sem frumvarp þetta nær til.

  
Kristín Waage  
f.h. sjúkrasjóðs VR